

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 7. maí 2021  
Tilvísun: 202104-0030/42-1-0  
SS, LA, KHS  
þlp/ss

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 16. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands. Náttúrufræðistofnun Íslands þakkar fyrir þann frest sem henni var veittur til að skila umsögninni.

Náttúrufræðistofnun lýsir yfir ánægju sinni með að fram sé komin stefna um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands. Stefnunni er ætlað að ákvarða hvar uppbygging vindorkukosta sem falla undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun verði óheimil og hvar taka þurfi slík áform til skoðunar á vettvangi rammaáætlunar. Samhliða stefnunni er lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, þar sem þessi málsmeðferð er felld inn í gildandi löggjöf. Vísað er í umsögn Náttúrufræðistofnunar um frumvarpið hvað varðar almennt álit stofnunarinnar um þessa aðferð við málsmeðferðina. Í þessari umsögn verður einblínt á meginefni þingsályktunartillögunnar sem er útfærsla á flokkun þeirri sem 10. grein laganna (4. grein frumvarpsins) byggist á.

Náttúrufræðistofnun bendir á að það væri skýrara ef að fram kæmi í þingsályktunartillögunni að einungis þeir vindorkukostir sem falla undir lögini falli undir stefnuna. Miðað við skilgreiningu á vindorku í 3. grein frumvarpsins má álykta sem svo að vindorkukostir undir 10 MW falli ekki undir stefnuna. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um frumvarpið kemur fram að stofnunin telur 10 MW viðmiðið vera of hátt og betra væri ef þessi stefna myndi einnig ná yfir smærri vindorkukosti.

Athugasemdir við einstaka kafla þingsályktunartillögunnar

Að mati Náttúrufræðistofnunar eiga öll þau svæði sem tilgreind eru í flokki 1 (þar sem öll uppbygging vindorkuvera samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr 48/2011, er óheimil) þar heima. Hins vegar mætti að mati stofnunarinnar bæta við svæðum í flokk 1 sem nú er ætlunin að setja í flokk 2. Eins mætti bæta svæðum við flokk 2 og gera nokkrar aðrar breytingar til að tryggja ásættanlega verndun náttúrusvæða með hátt verndargildi.

Í flokk 1.3 sem eru svæði á heimsminjaskrá UNESCO og svæði sem hafa verið tilnefnd á skrána, mætti bæta við verndarsvæðum sem hafa fengið annars konar viðurkenningu frá UNESCO t.d. jarðvangar (Global Geopark) en tveir slíkir eru nú hérlendis (Katla og Reykjanes) og eru á



forræði sveitarfélaga, og svo svæði sem tilheyra hinu svokallaða Maður og lífhvolf skipunarkerfi (Man and Biosphere Programme) en áhugi er fyrir að innleiða slíkt á Snæfellsnesi.

Í flokk 1.4 eru tilgreind *Ramsar-svæði* en benda mætti einnig á verndarsvæði sem falla undir aðra alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að t.d. svæði sem tilnefnd hafa verið í Emerald Network Bernarsamningsins.

Í flokki 1.5 eru *óbyggð víðerni innan marka hálandislínu Íslands*. Að mati Náttúrufræðistofnunar ættu öll óbyggð víðerni að falla í þennan flokk, ekki einungis þau sem eru innan miðhálandisins. Óbyggð víðerni eru alþjóðlega mikilvæg með hátt verndargildi og sum ósnortnustu víðerni landsins eru staðsett utan miðhálandisins. Náttúrufræðistofnun bendir jafnframt á að afar mikilvægt sé að klára kortlagningu óbyggðra víðerna á Íslandi hið fyrsta þannig að hægt sé að framfylgja markmiðum um verndun þeirra.

Í flokki 2.2 er fjallað um *virðjunarkosti sem eru innan 10 km frá friðlýstum svæðum á A-hluta náttúruminjaskrár eða á svæðum sem eru í sömu fjarlægð frá svæðum sem tekin hafa verið upp í B-hluta náttúruminjaskrár*. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti einnig sambærilegt fjarlægðarviðmið að eiga við um óbyggð víðerni. Miðað við skilgreiningu á óbyggðu víðerni í 5. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eiga óbyggð víðerni að vera „að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum“. Fella ætti óbyggð víðerni inn í þennan flokk 2.2 eða útfæra annað viðmið, í það minnsta 5 km til að vera í samræmi við skilgreiningu náttúruverndarlaga.

Í flokki 2.3 eru *svæði á C-hluta náttúruminjaskrár skv. 33. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013*. Náttúrufræðistofnun vill benda á að miðað er við að svæði á B-hluta náttúruminjaskrár séu valin úr C-hluta þar sem fram hefur farið mat á verndargildi. C-hluti náttúruminjaskrár er í vinnslu hjá Náttúrufræðistofnun. Mikilvægt er því að tryggja haldbæra vernd svæða á C-hluta og því tilefni til að færa C-hlutasvæði yfir í flokk 1 þar sem vindorkunýting er óheimil.

Í flokki 2.4 eru *svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013*. Náttúrufræðistofnun telur að tilgreina þurfi skýra aðferðafræði um hvernig þessi svæði eru metin í leiðbeiningum fyrir verkefnastjórn rammaáætlunar. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt að hafa aðkomu að gerð slíkra leiðbeininga.

Í flokki 2.5 eru *mikilvæg fuglasvæði*.

Náttúrufræðistofnun bendir á flokkunarkerfi Birdlife International þar sem tilgreind eru fimm mismunandi fuglasvæði sem geta talist viðkvæm fyrir uppbyggingu vindorku ([https://www.birdlife.org/sites/default/files/bhdtf\\_position\\_2016\\_wind\\_energy\\_birds\\_and\\_bats.pdf](https://www.birdlife.org/sites/default/files/bhdtf_position_2016_wind_energy_birds_and_bats.pdf)). Um er að ræða alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA) sem og almenn friðlýst svæði en einnig svæði sem eru mikilvæg fyrir fugla í viðkvæmri stöðu t.d. á válistum, svæði sem um liggja mikilvægar farleiðir og sem farfuglar fara um í miklum þéttleika og þar sem áflugshætta er metin sem sérstaklega mikil.

Hvorki svæði sem um liggja mikilvægar farleiðir né svæði þar sem áflugshætta er metin sem sérstaklega mikil, hafa verið kortlögð til fulls hérlendis og því ætti í flokk 2.5 að tilgreina fleiri svæði en þau 121 svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilgreint sem mikilvæg fuglasvæði.



Í flokki 2.6 eru óbyggð víðerni utan marka miðhálandis Íslands. Náttúrufræðistofnun ítrekar fyrri athugasemd um að víðerni utan marka miðhálandis eigi ekki síður erindi í flokk 1 eins og þau sem eru á miðhálandinu. Í umfjöllun um viðmið og meginreglur í lið 2.6.2. segir að „[gæta skuli þess] að mannvirki valdi eins litlu raski og sjónmengun og unnt er og að óbyggð víðerni skerðist eins lítið og framast er unnt“. Miðað við skilgreiningu á óbyggðum víðernum og eðli þeirra telur Náttúrufræðistofnun afar óraunhæft að uppbygging vindorkuvera geti uppfyllt þessi tilmæli án þess að víðerni skerðist.

Í flokki 2.7 eru svæði á náttúruverndaráætlunum 2004-2008 og 2009-2013. Náttúrufræðistofnun bendir á að allmörg þeirra svæða sem eru á þessum eldri áætlunum hafa ekki verið friðlýst og að í sumum tilfellum hafi átt sér umtalsvert rask stað frá tíma útgáfu náttúruverndaráætlanna. Má t.d. nefna Eldvörp á Reykjanesi sem eru komin í orkunýtingarflokk fyrir jarðvarma. Ýmsar framkvæmdir hafa þar átt sér stað sem rýrt hafa verndargildi svæðisins.

Náttúrufræðistofnun bendir á að ekki er gert ráð fyrir að svæði sem sveitarfélög hafa fellt undir hverfisvernd í samræmi við sjöttu málsgrein 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010 falli undir stefnu um staðsetningu vindorkuvera. Sveitarfélög á Íslandi hafa beitt hverfisvernd mikið við náttúruvernd og mörg afar verðmæt náttúrusvæði eru í dag einungis undir hverfisvernd. Að mati Náttúrufræðistofnunar er tilefni til að skoða að hverfisvernd náttúruminja, landslags, útivistarsvæða og menningarminja falli undir flokk 2. Einnig mætti fella undir flokk 2 svæði sem heyra undir lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

Virðingarfyllst,



Þorkell Lindberg Þórarinnsson  
forstjóri

